

Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, tillaga Athugun skipulagsstofnunar



Fylgiskjal 19



Skipulagsstofnun
Svið aðalskipulags
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi, 16. mars 2023
2208338/510.02 KHK/ADK

Vatnsendahæð/Vatnsendahvarf Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Á fundi skipulagsráðs 20. febrúar 2023 var samþykkt með tilvísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að vísa tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogs í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð til bæjarráðs og bæjarstjórnar og að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. framangreindra laga.

Um er ræða 2. breytingu frá staðfestingu aðalskipulagsins og er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist.

Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dagsett í febrúar 2023.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 27. október 2023 var framangreind afgreiðsla skipulagsráðs frá 20. febrúar 2023 staðfest og samþykkt að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með vísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga er tillagan hér með send Skipulagsstofnun til athugunar.

Virðingafyllst,

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

Kópavogsbær
Kristjana H. Kristjánsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 29. mars 2023
Tilvísun: 202210001 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Vatnsendahvarfs, Vatnsendahæðar, Kópavogsbæ.

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 17. mars 2023, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 15. mars 2023.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. febrúar 2023 með uppdrætti í mkv. 1:10.000.

Í breytingartillögunni felst niðurfelling verslunar- og þjónustusvæðis (VP-20) og breyting á legu svæða fyrir samfélagsþjónustu (S-27 og S-67) og íbúðabyggð (ÍB-6) sem breytir einnig legu opins svæðis (OP-5.13). Tengivegirir Kambavegur og vesturhluti Vatnsendahvarfs falla niður sem tengibrautir og verða safngötur.


Með erindinu bárust umsagnir frá mörgum aðilum og voru þær án athugasemda en brugðist hefur verið við ábendingum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga og mælir með að þeim sem gerðu athugasemdir við vinnslutillögu verði gert viðvart um auglýsingu tillögunar.

Stafræn gögn

Skipulagsstofnun bendir á að friðlýst svæði, minjavernd og svæði á náttúruminjasrá eru einungis afmörkuð sem takmarkanir í stafrænu aðalskipulagi ef afmörkun þeirra er ekki sótt í annan viðurkenndan gagnagrunn sem haldið er úti af opinberum aðilum. Í þeim tilvikum er umsjón með viðkomandi gögnum hjá hlutaðeigandi stofnunum sem gera þau aðgengileg á stafrænan hátt í gegnum sína miðla.

- Breytingar á gatnakerfi þurfa að vera sýndar til samræmis í stafrænum gögnum.
- Í eigindatöflu vantar gögn til samræmis við greinargerð, m.a. ákvæði, stærð svæða og íbúðafjölda. Skipulagsstofnun bendir á leiðbeiningar og gagnalýsingu fyrir stafrænt aðalskipulag sem gefur upplýsingar um hvað koma á fram í eigindatöflu, og finna má á heimasíðu stofnunarinnar, skipulag.is.
- Flákar í stafrænum gögnum mega hvorki skarast né vera bil á milli sbr. leiðbeiningar um stafrænt aðalskipulag. Gæta þarf þess að útprentuð og stafræn gögn séu í samræmi bæði á uppdrætti og í gagnaupplýsingum.
- Huga mætti að staðsetningu auðkennis.


Guðjón Erlendsson